

Auður Fr. Halldórsdóttir

*Kennslufugmyndir með bókinni*



*Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*



NÁMSGAGNASTOFNUN

09937

# Efnisyfirlit

I	Inngangur .....	3
II	Fyrsta skrefið .....	4
III	Að vekja áhuga nemenda .....	4
IV	Heimsókn á bókasafnið .....	4
V	Uppástungur um leiðir .....	4
VI	Hvað er hægt að láta hópa gera? .....	5
VII	Samþætting .....	5
VIII	Þjóðsagnasamkeppni .....	6
IX	Þjóðsögur annarra þjóða .....	6
X	Afrakstur .....	6
XI	Námsmat .....	6
XII	Ítarefni .....	7
	a) Vefefni .....	7
	b) Hlustunarefni og efni til að horfa á .....	7
	c) Bækur .....	7
	Sýnishorn af matsblaði .....	9

# I Inngangur

Kennsluefnið *Trunt, trunt og tröllin* kom út hjá Námsgagnastofnun haustið 2009. Það samanstendur af kennslubók og hlustunarefni, ásamt kennaraefni á vef. Efnið er einkum ætlað fyrir miðstig grunnskóla þ.e. 5.–7. bekk en nýtist einnig eldri nemendum. Kennslubókin er 120 blaðsíður skreytt litmyndum eftir Þóreyju Mjallhvíti Ómarsdóttur. Sögunum safnaði Edda Hrund Svanhildardóttir íslenskunemi en Þorsteinn frá Hamri veitti ráðgjöf við valið.

Kennslubókin inniheldur inngangskafla þar sem fjallað er í stuttu máli um helstu einkenni þjóðsagna og ævintýra. Efni hennar er skipt í átta kafla með alls 44 sögum:

1. Álfar og huldufólk – 5 sögur og eitt kvæði
2. Draugar – 5 sögur
3. Galdrar – 6 sögur og eitt kvæði
4. Kímni- og ýkjusögur – 8 sögur
5. Tröll – 5 sögur
6. Helgisögur – 6 sögur
7. Úr sjó og vötnum – 5 sögur
8. Útilegumenn – 2 sögur

Þjóðsögur eru bæði skemmtilegar og áhugavert viðfangsefni í móðurmálskennslu. Þær gefa kost á fjölbreyttum kennsluaðferðum, samþættingu við aðrar námsgreinar og vinnu sem hentar nemendum með ólíkar þarfir. Efni þeirra vekur gjarnan áhuga bæði nemenda og kennara enda getur verið mikils virði að segja skilið við raunveruleikanum um stund og gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Þjóðsögur minna okkur gjarnan á hve stutt er síðan við Íslendingar þjuggum í torfbæjum og því er ekki úr vegi að leyfa nemendum að upplifa andrúmsloftið sem því fylgdi. Þannig fræðast þeir líka um tíðaranda og menningu liðins tíma.

Það var á 19. öld sem menntamenn fóru að skrá þjóðsögur og ævintýri. Má þar t.d. nefna þýsku bræðurna Jakob og Wilhelm Grimm sem voru meðal þeirra fyrstu sem skrásettu sögur. (Grimms-ævintýrin). Oftast komu sögurnar frá ólæsu almúgafólki. Maður að nafni Jón Árnason (1819–1888) sá fyrstur manna á Íslandi tilgang í að safna þjóðsögum og gömlum kvæðum saman og koma á rit. Hér kom fyrsta þjóðsagnasafnið út árið 1852 og hét það Íslensk æfintýri en Jón Árnason og Magnús Grímsson (1825–1860) tóku það saman. Þessir tveir menn eru helst nefndir til sögunnar en þeir voru þó miklu fleiri sem tóku þátt í söfnuninni eins og sést í bókalistanum hér aftar. Langflestar sögurnar í bókinni *Trunt trunt og tröllin* eru fengnar úr safni Jóns Árnasonar eða þeirra féлага.

Ég vona að þær hugmyndir sem ég hef fest hér niður komi einhverjum að gagni við að vinna með efnið og hjálpi kennurum að kveikja áhuga hjá nemendum. Ég minni á að þetta eru hugmyndir og vonandi tendra þær neista að enn fleiri hugmyndum sem gagnast við kennsluna.

*Góða skemmtun og gangi ykkur vel!  
Auður Fr. Halldórsdóttir*

## II Fyrsta skrefið

Áður en vinna hefst er æskilegt að kennarar afli sér upplýsinga um þjóðsögur og ævintýri. Þeim ætti að vera hægt um vik því margt hefur verið skrifað og ýmislegt má nálgast á Netinu. Eftir því sem kennarar þekkja þessa bókmenntagrein betur verður auðveldara fyrir þá að benda nemendum á hvernig nýta má sögur og skrifa um þær í vinnu með þjóðsögur. Þekking á ítarefninu dregur einnig úr líkum á því að nemendur nýti sér efni af Netinu sem sitt eigið.

## III Að vekja áhuga nemenda

Í byrjun er mikilvægt að fjalla almennt um þjóðsögur og vekja áhuga nemenda. Hvað vita þeir? Þekkja þeir þjóðsögu? Hvaðan eru þær? Hvernig urðu þær til? Var einhver sem þeir þekkja hræddur við Grýlu? Hvað segir fólk um álfa og huldufólk? Álagabletti? Er huldufólk til? Þekkir einhver sögustað þjóðsögur? Eru slíkir sögustaðir í næsta nágrenni? Hvaða sögustaður þjóðsögu er næstur skólanum?

Gott er að vera með flettistöflu eða glærur til að skrifa hugmyndir nemenda niður. Láta þá spyrja heima hvort pabbi, mamma, afi eða amma þekki einhverja þjóðsögu og skrá titlana á blað svo hægt sé að skrifa þá á flettistöfluna. Þannig tengist efnið við heimilin og kannski er einhver tilbúinn til að koma og segja uppáhaldssögu sína. Börnin geta líka útbúið spurningalista í sameiningu og tekið viðtal við einhvern heima.

## IV Heimsókn á bókasafnið

Í upphafi umfjöllunar um þjóðsögur getur verið skemmtilegt að heimsækja bókasafnið og skoða bækur með þjóðsögum. Þetta nýtist í hópvinnum ef einhverjir vilja fræðast meira um þjóðsögur. Bækurnar eru flestar orðnar gamlar og fróðlegt að sjá hvernig bækur hafa breyst í áranna rás. Hver og einn getur valið sér eina af þeim bókum sem bókasafnsfræðingurinn hefur tekið saman fyrir hópinn. Það er gaman að fletta þeim og velja einhverjar sögur sem vekja áhuga.

## V Úppástungur um leiðir

Kennsluefnið hentar bæði til hóp- og einstaklingsvinnu. Hér verða gefnar nokkar hugmyndir sem útfæra má nánar á þann hátt sem hentar hverjum og einum. Varla þarf að minna á mikilvægi þess að nota fjölbreyttar leiðir og að gefa nemendum kost á að velja sjálfir útfærslu og fleira.

Gott er að taka þetta efni fyrir á stuttum tíma og leggja undir 3–4 kennslustundir á dag. Ef sá möguleiki er ekki fyrir hendi þá nýtir hver og einn þann tíma sem hann hefur til ráðstöfunar.

### *Einstaklingsvinna*

Hver morgunn eða hver nestistími hefst á því að ein saga er lesin fyrir nemendahópinn, annaðhvort af kennara, hlustað á upplestur úr hljóðbók eða nemendur bjóða sig fram í verkið og undirbúa sig þá fyrir upplesturinn. Verkefnið með bókinni eru unnin í stílabók eða verkefnaöppu. Áhersla lögð á fallegan og vandaðan frágang og myndskreytingar eftir eigin höfði. Nemendur geta unnið þetta alveg einir eða saman í litlum vinnuhópum og rætt um þær spurningar sem er að finna í námsbókinni.

## Hópvinna

- a) Skipta nemendahópnum í nokkra litla hópa. Hver hópur vinnur síðan í sameiningu við verkefnið. Byrjað er á 1. kafla um álfa og huldufólk og svo koll af kolli eftir því sem vikurnar líða. Hver hópur velur sér eina sögu til að fjalla um (eða kennari lætur draga) í hverjum kafla.
- b) Skipta í átta hópa og hver hópur tekur fyrir einn kafla og þær sögur sem honum tilheyra og kynna síðan fyrir öðrum hópum. Athuga þarf að kaflarnir í kennslubókinni eru mislangir og þarf því að raða í hópa með tilliti til þess.
- c) Nemendur lesa valdar sögur og útfæra efni þeirra á ýmsan hátt, sbr. lýsingu.

## Þemavinna

Unnið er með þjóðsögur í eina eða tvær vikur og efnið samþætt t.d. samfélagsfræði, myndmennt, tónmennt og/eða heimilisfræði.

## VI Hvað er hægt að láta hópa gera?

Gott er að skipuleggja vinnu með þjóðsögur sem hópvinnu. Nemendur eru oft hugmyndaríkir og sjálfsagt að gefa þeim kost á að ákveða hvernig þeir nálgast efnið og vinna með það. Hér eru taldar upp nokkar hugmyndir og svo er bara að láta hugmyndaflugið ráða.

- a. Halda hátíðleg erindi eða fyrirlestra.
- b. Útbúa vandaða glærusýningu.
- c. Búa til fjölbreyttar veggmyndir og nýta ýmiss konar hugmyndir í því sambandi.
- d. Skrifna vandaða útdrætti og taka saman í lítil hefti eða hengja á veggspjöld.
- e. Færa sögurnar í leikbúning.
- f. Útbúa stuttmyndir, gera handrit, leika og útfæra á ýmsan hátt.
- g. Skipuleggja leiksýningu fyrir litla eða stóra hópa.
- h. Heimsækja yngri nemendur og segja þeim frá þjóðsögum, lesa upp þjóðsögur eða skrifa nýjar sögur fyrir þá.
- i. Leiklesa og taka upp með aðstoð tölvutækni.
- j. Útfæra efni sagnanna í ljóðum, tónum, myndum.
- k. Brúðumyndagerð: Teikna litlar fígúrir á pappa. Klippa út og setja á prik. Útbúa föt úr efni og setja á prik, útbúa söguvið og skipuleggja leiksýningu.

## VII Samþætting

Þjóðsögur henta vel til samþættingar við aðrar námsgreinar, eina eða fleiri. Því fleiri því betra. Til dæmis mætti hugsa sér að fá tónmenntar-, myndmenntar- og handmenntakennara í lið með sér til að sinna hópunum eftir því hvaða leið nemendur vilja velja sér. Það er bara spurning um skipulag og samstarfsvilja.

## VIII Þjóðsagnasamkeppni

Alvöru þjóðsagnasamkeppni er skipulögð og kynnt, annaðhvort áður en vinnan með efni sagnanna hefst eða þegar hún er komin af stað. Nemendur eru beðnir að vera vakandi fyrir því hvernig sögurnar eru uppbyggðar og gefa svo út dagsetningu sem skiladag á frumsaminni þjóðsögu frá þeim. Þetta getur verið hvort sem er einstaklings- eða hópvinna. Dómari utan skólans, t.d. barnabókahöfundur, er fenginn til að liðsinna við valið á bestu sögunum. Ekki skemmir að gefa sögurnar síðan út í hefti.

## IX Þjóðsögur annarra þjóða

Aðrar þjóðir eiga sínar þjóðsögur og því er tilvalið að líta á þær líka. Ef nýbúar eru í aldurshópnum er upplagt að láta þeirra hóp vinna einnig með þjóðsögur frá sínu heimalandi. Bókasöfn útvega bækur á flestum tungumálum ef beðið er um það með fyrirvara. Þá er ekki ólíklegt að þjóðsögur frá þeirra heimalöndum séu til á bókasafninu þýddar yfir á íslensku. Einnig er alltaf ágætis leið að leita á Netinu og fara inn á síður frá viðkomandi heimalöndum. Kannski eru foreldrar þeirra tilbúnir til að veita aðstoð eða koma og segja frá.

## X Afrakstur

Margt er hægt að gera til að sýna afrakstur. Hér koma nokkrar uppástungur og ábendingar sem hægt er að nýta og að sjálfsögðu fleiri en eina í einu.

- Það sem fer á veggri verður að vera vel merkt með læsilegum textum sem allir geta lesið og endilega í þeirri hæð að allir nemendur hafi möguleika á að sjá, skoða og lesa.
- Mikilvægt er að nota svæði á göngum skólans svo fleiri geti notið efnisins.
- Yngri deildir/skólaskjól/eldri deildir frá næsta leikskóla, hafa gaman af að koma á leiksýningar o.þ.h. og eru þessi verkefni vel til þess fallin.
- Sýna samnemendum sínum.
- Uppskeruhátíð, þjóða foreldrum þar sem afrakstur er sýndur frá öllum hópum.
- Þjóða fólki af dvalarheimili aldraðra á valið efni eða jafnvel fara þangað í heimsóknir og fá að sýna einhverja hluta.
- Fá „lánaða“ veggri í næsta nágrenni, á dvalarheimilinu, í búðinni, í félagsheimilinu eða hvar sem fólk á leið um.

## XI Námsmat

Hverjum kennara er í sjálfsvald sett hvaða leið er farin í námsmati en mikilvægt er að nemendur séu upplýstir um það í upphafi vinnu með þjóðsögur hvernig námsmati verður háttað. Gott er að vera með alhliða mat í formi stuttra kannana, sjálfsmats, jafningjamats og dagbókarskrifa. Nemendur halda öllu sínu efni til haga og geyma í verkhöppu, þ.m.t. glósur, netefni, hópvinnu, ljósmyndir af stórum verkefnum, ljósrit og annað.

Mikilvægt er í hópvinnu að allir séu virkir og fylgjast þarf vel með því. Aftast í þessum leiðbeiningum er sýnishorn af eyðublaði sem nemendur nota til að gefa hver öðrum einkunn fyrir vinnubrögð og virkni. Kennari verður að útskýra þetta fyrirkomulag vel fyrir nemendum, það hefur sýnt sig að nemendur eru yfirleitt sanngjarnir í þess háttar námsmati.

## XII Ítarefni

### a) Vefefni

Eftirfarandi vefir eru m.a. áhugaverðir sem ítarefni í vinnu eða umfjöllun um þjóðsögur:

- [www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm](http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm) – Mikið úrval af flokkaskiptum þjóðsögum úr ýmsum átt-um.
- [barnung.khi.is/unglingur/thjodsogur/thjodsogur.htm](http://barnung.khi.is/unglingur/thjodsogur/thjodsogur.htm) – Vefurinn Skrípi með alls kyns þjóðsagnaefni fyrir börn og fullorðna, myndskreyttur af kennaranemum sem lögðu stund á myndmennt.
- [www.visindavefur.hi.is](http://www.visindavefur.hi.is) – Ýmiss konar fróðleikur um þjóðsögur og efni tengt þeim.
- [vestfiridir.is/index.php?page=thjodsogur](http://vestfiridir.is/index.php?page=thjodsogur) bokasafn- Skemmtilegur vefur sem tekur m.a. fyrir þjóðsögur sem gerst hafa á Vestfjarðakjálkanum.
- [Reykjanesbaer.is/](http://Reykjanesbaer.is/) - Best er að skrifa þjóðsögur í leitarreitinn, þá kemur upp vefur um þjóðsögur frá Suðurnesjum sem Hildur Harðardóttir safnaði saman. Sögurnar eru flokkaðar eftir efni og byggðarlögunum sem þær gerast í.

### b) Hlustunarefni og efni til að horfa á

- Ýmiss konar efni er inni á [www.nams.is](http://www.nams.is), þ.á m. Hlustum á þjóðsögurnar okkar – textar (vefefni).
- Þá er víða að finna þjóðsögur í námsefninu, svo sem í Kápunum, steinabókunum og lesörkum sem víða eru til í skólum.

### c) Bækur

Með því að fara inn á [gegnir.is](http://gegnir.is) er hægt að finna fjöldann allan af bókum um þjóðsögur og með þjóðsögum m.a.:

*Íslenskar þjóðsögur* Jóns Árnasonar

*Þjóðsögur Ólafs Davíðssonar*

*Íslenskar þjóðsögur og sagnir* Sigfúsar Sigfússonar

Torfhildur Hólm. *Sýnishorn úr þjóðsögum og sögnum Torfhildar Hólm* 1962

Sigfús Nordal. *Þjóðsagnabókin*. 1971–1973

Jón R. Hjálmarsson. *Skessur, skrímsli og furðudýr við þjóðveginn*. 2004

Þorsteinn M. Jónsson. *Gríma hin nýja*. 1978–1979

Einar Ól. Sveinsson. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. 1956

*Þúsund og ein nótt*

*Sýnishorn af matsblaði*  
*Þjóðsögur*  
*Mat á hópvinnu*

Nafn á þjóðsögu sem unnið var með \_\_\_\_\_

Nöfn þátttakenda í hópnum	Virkni 1–5	Samvinna 1–5	Vinnuframlag 1–5	Heildareinkunn

Metið vinnuna sem átti sér stað í hópnum og gefið öllum í hópnum einkunn. Notið einkunnaskalann frá 1 og upp í 5, þar sem 5 er gefið fyrir bestu frammistöðuna o.s.frv. Hugsið um virkni, samvinnu og vinnuframlag við matið. Skrifid niður hvað gekk vel og hvað ekki og reynið að átta ykkur á hvers vegna.

Hvað gekk vel? Hvers vegna? \_\_\_\_\_

---

---

---

Hvað gekk illa? Hvers vegna? \_\_\_\_\_

---

---

---

Sá sem metur: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_